

Fjárlaganefnd Alþingis,
Stefán Vagn Stefánsson, formaður fjárlaganefndar

Reykjavík 15. maí 2024

Efni: Fjárheimildir til dómstóla í fjármálaáætlun 2025-2029

Hinn 6. maí sl. barst dómstólasýslunni afrit af bréfi dómsmálaráðuneytisins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem ráðuneytið vekur athygli nefndarinnar á frávikum sem eru á milli tillagna dómstólasýslunnar um ný útgjaldaáform á málefнасviði dómstóla og útgjaldaramma dómstólasýslunnar í framlagðri þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2025-2029, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og 1. mgr. 7. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Framangreind lagaákvæði byggja á sjónarmiðum um sjálfstæði dómstóla gagnvart framkvæmdavaldi og mikilvægi þess að Alþingi séu ljós sjónarmið dómstólanna um fjárförf þeirra. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um opinber fjármál kemur m.a. að fram að í ákvæði 21. gr. felist „ráðagerð um að fjárlaganefnd Alþingis gefi fulltrúum dómstólanna kost á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum milliliðalaust fyrir nefndinni.“ Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga um dómstóla kemur fram að tilgangur ákvæðis 1. mgr. 7. gr. sé „að auka sjálfstæði dómstólanna um eigin fjárhag og veita þeim greiðari aðgang að fjárveitingarvaldinu. Þótt ráðherra sé samkvæmt ákvæðinu ekki skylt að taka tillögur dómstólasýslunnar upp óbreyttar er lagt til grundvallar að hann víki ekki frá þeim nema í alveg sérstökum tilvikum.“ Þá segir einnig: „Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að styrkja stöðu dómstólanna gagnvart framkvæmdavaldinu og tryggja að Alþingi séu fyllilega ljós sjónarmið dómsvaldsins áður en ákvörðun er tekin um fjárveitingar.“

Eins og fram kemur í bréfi dómsmálaráðuneytisins til fjárlaganefndar Alþingis er það mat dómstólasýslunnar að auka þurfi framlög á málefнасviðinu á gildistíma fjármálaáætlunarinnar. Tillögur dómstólasýslunnar byggja einkum á þeim rökum að talsvert vanti upp á að grunnfjárheimildir á fjárlögum vegna héraðsdómstóla standi undir rekstrarkostnaði. Þá er á það bent að þörf sé á að bæta mönnun á skrifstofum dómstóla vegna mikils og viðvarandi álags og veikinda, auk þess sem mikilvægt sé að hækka fjárfestingarheimildir svo unnt verði að innleiða stafrænar umbreytingar hjá dómstólum í samræmi við stefnu dómstóla og stjórnvalda. Í framlagðri fjármálaáætlun 2025 – 2029 er hins vegar gert ráð fyrir „sértækum aðhaldsráðstöfunum“ á málefнасviði dómstóla sem nemur 40 millj. kr. 2026, 50 millj. kr. 2027 og 60 millj. kr. 2028.

Við mat á því hvort og hvernig unnt er að bregðast við með lækkun útgjalda á málefнасviðinu verður að skoða fjármögnun og rekstur málefнасviðsins. Af rekstraráætlun héraðsdómstóla fyrir árið 2024 má ráða að framlög til héraðsdómstóla á fjárlögum 2024 eru um 90 millj. kr. undir grunnrekstrarþörfum þeirra. Þá sýna aðrar áætlanir á málefнасviðinu að lítið sem ekkert svigrúm er til lækkun kostnaðar hjá Landsrétti, Hæstarétti og dómstólasýslunni. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að um 96% kostnaðar hjá dómstólum er launagjöld og

gjöld vegna húsnæðis. Fjöldi dómara og föst laun þeirra eru lögbundin. Öðru starfsfólki hjá dómstólum hefur ekki fjölgað síðustu áratugi og er það undir miklu álagi.

Ekki verður séð að unnt sé að bregðast við vanfjármögnun héraðsdómstóla og boðaðri aðhaldskröfu nema með því að fækka dómurum um tvo til þrjá og/eða leggja niður a.m.k. einn einmenningsdómstól. Það yrði ekki gert nema með breytingum á lögum. Því til viðbótar gæti þurft að hægja verulega á stafrænum umbreytingum hjá dómstólum sem væri afar bagalegt með hliðsjón af þörf fyrir nútímalegra aðgengi að dómstólum og bættri þjónustu við borgara.

Með hliðsjón af framansögðu óskar dómstólasýslan eftir fundi með fjárlaganefnd Alþingis til að gera nánari grein fyrir málinu eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllt,

Sigurður Tómas Magnússon,
stjórnarformaður

Kristín Haraldsdóttir,
framkvæmdastjóri

Afrit:

Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneyti
Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneyti
